

Ed.

718. Nefndarálit

um frumv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Enda þótt ætlazt sé til þess, að undirbúin verði og lögð fyrir næsta Alþingi löggjöf um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, telur minni hluti nefndarinnar óhjákvæmilegt að afgreiða nú þetta frumvarp, vegna þeirra áfalla, sem þetta hreppsfélag hefir orðið fyrir síðastliðið sumar og skýrt er frá í greinargerð frumvarpsins, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1935.

Magnús Jónsson.